

# STARFSREGLUR

um [Fjölskyldu- og sálgæsluþjónustu] <sup>1)</sup> kirkjunnar nr. 951/2009,  
sbr. starfsrgl. nr. 954/2010 og 387/2021.

1) Heiti starfsreglnanna var breytt að hluta úr „Fjölskylduþjónustu“ í „Fjölskyldu- og sálgæsluþjónustu“, sbr. starfsrgl. 387/2021, 1. gr.

## 1. gr.

■[Á vegum þjóðkirkjunnar skal starfrækja [Fjölskyldu- og sálgæsluþjónustu] <sup>2)</sup> kirkjunnar sem veitir sérhæfða þjónustu í fjölskyldumálum á grundvelli kristinna lífsgilda. [Fjölskyldu- og sálgæsluþjónustan] <sup>3)</sup> er á sviði sálgæslu- og kærleiksþjónustu kirkjunnar og lýtur faglegri forystu biskups Íslands, en heyrir að öðru leyti undir kirkjuráð.] <sup>1)</sup>

1) Starfsrgl. 954/2010, 11. gr.

2) Starfsrgl. 387/2021, 2. gr. a

3) Starfsrgl. 387/2021, 2. gr. b

## 2. gr.

■Með sérhæfðri þjónustu kirkjunnar í fjölskyldumálum er átt við að:

- a) styðja fjölskyldur sem þess óska með viðtölum, ráðgjöf og fræðslu,
- b) styðja og efla presta og djákna í samskiptum við fjölskyldur, svo sem viðtölum, í sáttaumleitunum, fræðslustarfi og ráðgjöf.

## 3. gr.

■[Fjölskyldu- og sálgæsluþjónusta] <sup>1)</sup> kirkjunnar annast handleiðslu presta, djákna og annarra starfsmanna kirkjunnar eftir því sem við á. Biskup og kirkjuráð setja reglur um fyrirkomulag handleiðslunnar og kostnað.

1) Starfsrgl. 387/2021, 2. gr. a

## 4. gr.

■Kirkjuráð ræður forstöðumann [Fjölskyldu- og sálgæsluþjónustu] <sup>1)</sup> kirkjunnar og skal hann vera prestur með sérmenntun á starfssviði [þjónustunnar]. <sup>2)</sup> Hann ræður starfsfólk í samráði við biskup Íslands. [...]. <sup>3)</sup>

1) Starfsrgl. 387/2021, 2. gr. a

2) Starfsrgl. 387/2021, 2. gr. c

3) Starfsrgl. 387/2021, 3. gr.

5. gr.

■Forstöðumaður og starfsfólk er bundið þagnarskyldu um það sem leynt á að fara þ.e. málefni skjólstæðinga, og annað sem lýtur að rækslu starfa þeirra og málefna [þjónustunnar]. <sup>1)</sup> Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

2) Starfsrgl. 387/2021, 2. gr. c

6. gr.

■[Fjölskyldu- sálgæsluþjónustunni] <sup>1)</sup> er heimilt að afla sértekna samkvæmt gjaldskrá er staðfest skal af kirkjuráði.

1) Starfsrgl. 387/2021, 2. gr. b

7. gr.

■Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar árið 2010. Frá sama tíma falla á brott starfsreglur um sérhæfða þjónustu kirkjunnar við fjölskylduna nr. 824/2000.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

■Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. ræður kirkjuráð forstöðumann úr röðum starfsmanna stofnunarinnar tímabundið.